

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

- a) Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- b) Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og gjöld skv. lögum nr. 4 27. febrúar 1974 og lögum nr. 5 28. febrúar 1974.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 33. 25. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

25. mars 1974.

Nr. 111.

AUGLÝSING

um skipulag í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

26. mars 1974.

Nr. 112.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loffferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.

- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1.50 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 1 500.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 10 000 að viðbættum kr. 0.50 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skirteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskirteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 500	kr. 500
Einkaflugmaður	— 1 000	— 700
Atvinnuflugmaður	— 2 000	— 1 000
Atvinnuflugmaður með meira prófi	— 3 000	— 1 000
Blindflugsréttindi	— 2 500	— 1 000
Flugkennararéttindi	— 1 500	— 1 000
Loftsiglingafræðingur	— 4 000	
Flugumsjónarmaður	— 3 000	
Flugvélavirki (tegundaréttindi)	— 1 000	

- 2.2 Við endurnýjun skirteinis greiðast kr. 500.00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verklegt próf skirteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurlflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum,
sem hafa lyf undir höndum.

Skýrgreiningar.

1. gr.

Með sjúkrahúsi er átt við hverja þá stofnun, sem starfrækt er samkvæmt IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr. 56 27. apríl 1973.

Þar sem í reglugerðinni er fjallað um yfirlækni getur eins átt við um staðgengil hans eða annan lækni, er þer fulla ábyrgð á lækniþjónustu á sjúkrahúsi eða hluta sjúkrahúss.